

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

stórar námur

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur á stórum námum s.s. málmar-, vikur-, grjót- og sandnámum ásamt hörpun og grófvinnslu efnis. Stórar námur eru þar sem efnistaka raskar 25.000 m ² svæði eða stærra eða er 50.000 ³ eða meiri.	550/2018 5. gr.	
1.2	Skilyrði þessi mynda grunn að starfsleyfi. Heilbrigðisnefnd setur frekari kröfur í starfsleyfið ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Rekstraraðili skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag og samþykktu notkun fasteigna.	550/2018 6. gr.	
1.4	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.5	Fylgja skal öllum skilyrðum sem fram koma í niðurstöðum umhverfismats hafi það farið fram og fyrirmælum viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar við frágang svæðis.	550/2018 6. gr.	
1.6	Rekstraraðili skal tilnefna sérstakan ábyrgðarmann fyrir umhverfismálum gagnvart heilbrigðiseftirliti.	550/2018 8. gr.	

1.7	Rekstraraðili hefur eigið eftirlit og skráningu þar sem kemur m.a.: a) Árleg staðfesting viðkomandi bæjar- eða sveitastjórnar um að frágangur efnistökusvæða sé í samræmi við kröfur. b) Fjöldi efnistökuastaða, hnituð staðsetning, efnistegund og vinnslumagn. c) Upplýsingar um nöfn verkstaka sem stunda efnistöku í námum sem starfsleyfið nær til. d) Fjöldi olíutanka, olíuáfyllingarsvæða, olíuskilja, magn olíuefna og rýrun. e) Atvik er varða mengunarvarnir rekstraraðila s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnarbúnaði, bilanir, mengunaróhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála. f) Notkun, flutningur og förgun spilliefna sbr. reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni. g) Magn olíusora og sands í olíuskiljum, mælt við reglulegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluaðila. Heilbrigðisfulltrúar skulu hafa aðgang að ofangreindum skráningum.	550/2018 8. og 57. gr.	
1.8	Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemi rekstraraðila er lögð niður eða ef eigendaskipti verða.	550/2018	

2. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Olíuáfyllingar og olíuskipti á þungavinnuvélum skulu eingöngu fara fram á olíuheldu áfyllingsplani með frárennsli sem leitt er í olíuskilju. Heilbrigðiseftirlit getur ef aðstæður leyfa samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.	884/2017 og rgl. nr. 550/2018	
2.2	Gæta skal ítrustu varúðar við meðferð olíu og við olíuáfyllingar og verði vart olíuleka skal strax brugðist við, mengaður jarðvegur fjarlægður og heilbrigðiseftirliti tilkynnt um atburðinn. Fari niður m eiri olía en svo að starfsmenn ráða við að fjarlægja hana strax, skal slökkviliði þegar gert viðvart um neyðarsíma 112. Um ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni gilda lög um umhverfisábyrgð.	550/2018 55. gr., lög nr. 75/2000 og lög nr. 55/2012.	
2.3	Allt frárennsli sem getur verið mengað af olíuefnum skal leitt í olíuskilju. Olíuskiljur skulu tæmdar eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og olíusora skilað til móttökustöðvar fyrir slíkan úrgang.	884/2017	

2.4	Olíutankar skulu ávallt vera í þróm eða staðsettir á öruggan hátt á olíuheldu plani með afrennsli í samþykktu olíuskilju. Tryggt skal að olía renni ekki út í umhverfið þó lagnir bresti.	884/2017	
2.5	Afla þarf leyfis byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir frágang, staðsetningu og stærð olíutanka. Sama gildir um frágang á áfyllingsplani og olíuskilju. Olíubirgðatankar stærri en 10.000 lítra þurfa sér úttekt Umhverfisstofnunar.	884/2017	
2.6	Díselraftstöðvar skulu staðsettar innandyrar og með öruggri lekavörn.	884/2017	
2.7	Ekki skal geyma meira en nauðsynlegt er vegna skammtímanotkunar af smurolíum á svæðinu.	550/2018 og rgl. nr. 884/2017	
2.8	Úrgangsolía, notaðar olíusíur og rafgeymar eru spilliefni sem á að fara með í viðurkennda förgun. Geymsla á þessum efnum ásamt málningu, málningarafgöngum og smurolíum og smurfeiti skal vera á öruggum stað innan dyra.	806/1999 5. gr.	
2.9	Fyrir olíubirgðatanka og lagnir gilda ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.10	Olíutankar skulu búnir yfirfyllingarviðvörðum eða yfirfyllingarvörn.	884/2017	

3. AÐKOMA OG FRÁGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Yfirbragð efnistökusvæðis skal vera snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið. Fjarlægja skal allt sorp og úrgang frá námusvæðum og koma í viðurkennda förgun. Öll brennsla og urðun úrgangs er bönnuð.	737/2003	
3.2	Rekstraraðili sér til þess að fjarlægður sé jafnóðum allur búnaður og hlutir sem kunna að berast inn á svæðið og eru rekstrinum óviðkomandi.	737/2003	
3.3	Þess skal gætt að starfsemin valdi ekki öðrum óþarfa ónæði eða hávaða og að foggjörn jarðefni valdi ekki skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvæðis. Ef þörf er á skal skerma jarðefni af.	724/2008 og rgl. nr. 787/1999	
3.4	Við efnistöku og frágang skal fylgja leiðbeiningunum: Námur – efnistaka og frágangur, sem umhverfísráðuneyti o.fl. aðilar gáfu út árið 2002.	550/2018	

3.5	Þungavinnutæki skulu ávallt hafa gild skoðunarskírteini. Eingöngu brýnustu viðgerðir til að forða tjóni eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða.	8/2009	
3.6	Hvergi skulu á efnistökusvæðinu myndast óþarfa tjarnir. Ef hætta er á að ár og lækir mengist skal grípa til viðeigandi ráðstafana, t.d. með því að leiða vatnið í gengum settjarnir eða síubeð, eða aðra hreinsun sem heilbrigðiseftirlit telur þörf á.	796/1999	
3.7	Fráveituvatn frá eldunar- og salernisaðstöðu skal leiða í safntank, rotþró eða fráveitukerfi sveitarfélags. Ef rotþró er á staðnum skal fylgja leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir.	798/1999 5. gr.	
3.8	Fylgja þarf reglum Vinnueftirlits ríkisins varðandi meðferð og geymslu sprengiefnis.	510/2018	
3.9	Leggist starfsemin niður skal búnaður fjarlægður í samráði við heilbrigðiseftirlitið og spilliefnum komið í viðurkennda förgun.	550/2018	

Starfsleyfisráðgjafi eiga sér m.a. stöð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lög nr. 75/2000 um brunavarnir, lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 8/2009 um skoðun ökutækja, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):